

AUGLÝSING

**(VIII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga
um úthlutun byggðakvóta.**

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 628 frá 13. júlí 2012 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2012/2013 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar af laheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Blönduósbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 628 frá 13. júlí 2012 gilda um úthlutun byggðakvóta Blönduóss með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipta 37,5% úthlutaðs byggðakvóta jafnt, 25% i hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju miðað við hlutdeild skipanna 1. september 2012 og 37,5% miðað við allan landaðan botnafiskafla í tegundum sem hafa þorskigildisstuðla, í þorskigildum talið, á tímabilinu 1. september 2011 til 31. ágúst 2012.
- b) Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2012 til 31. ágúst 2013. Aflinn skal nema, í þorskigildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur Blönduósbæjar um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðíárinu 2012/2013, samkvæmt auglýsingu nr. 133 frá 14. febrúar 2013.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. maí 2013.

F. h. r.
Ingvi Már Pálsson.

Hinrik Greipsson.